

Miðvikudaginn 15. apríl 1992.

Nr. 164/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Áslaugu Cassata.

Kærumál. Ákæra. Frávísunardómur sakadóms felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarmennirnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. apríl sl. Um kæruheimild er vísað til 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Kæran ásamt gögnum barst Hæstarétti 8. sama mánaðar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

I.

Hinn 21. ágúst 1990 undirrituðu tveir starfsmenn Verðlagsstofnunar vottorð um, hvernig háttað væri verðmerkingu söluvara í verslun Fókuss hf., Lækjargötu 6 B, Reykjavík. Í vottorðinu er gefið til kynna, að verðmerkingu á söluvörum bæði inni í versluninni og í gluggum hennar hafi verið „áfátt/mjög áfátt“. Efni vottorðsins er í stöðluðu formi með prentuðum texta, þar á meðal hin tilvitnuðu orð, sem eru undirstrikuð. Neðan við nafnritun starfsmannanna er skráð, að 27. sama mánaðar hafi þetta „aðeins lagast, en vantar samt mikið á“. Athugasemd þessi er óundirrituð. Samkvæmt nafnritun á vottorðið var samrit þess afhent starfsmanni í versluninni.

Hinn 27. ágúst 1990 sendi Verðlagsstofnun Fókus hf. bréf með athugasemd vegna nefndrar könnunar og viðvörun um kæru, ef ekki yrði úr bætt. Kæra var send Rannsóknarlögreglu ríkisins 18. september sama ár.

Hinn 11. október 1990 var tekin skýrsla hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins af varnaraðila, stjórnarformanni Fókus hf., sem rekur umrædda verslun. Í skýrslu hennar kemur meðal annars fram, að

dýrir hlutir í gluggum verslunarinnar hafi ekki verið verðmerktir vegna hættu á þjófnaði. Þá sé óvinnandi vegur að verðmerkja allan varning í versluninni, svo sem allar þær gleraugnaumgjörðir, sem þar séu á boðstólum. Varnaraðili gagnrýnir í skýrslunni vinnubrögð starfsmanna Verðlagsstofnunar að því leyti, að ekki hafi sömu starfsmenn komið í verslunina í þau skipti, er könnun verðmerkingar fór fram, og þá hafi ekki verið rætt við hana, heldur starfsfólk í versluninni. Óeðlilegt sé, að það séu ekki sömu starfsmenn stofnunarinnar, sem kanni verðmerkingu hverju sinni, þegar um ítrekaðar kannanir er að ræða.

Hinn 20. september 1991 fór enn fram á vegum Verðlagsstofnunar könnun á verðmerkingu vara í umræddri verslun. Um hana segir í vottorði tveggja starfsmanna stofnunarinnar, sem dagsett er sama dag:

„Gluggi með gleraugum, 56 stk. í glugga. Verðmerkt 10. Ómerkt 46. Verðmiðar á vörum sjást ekki frá gangstétt, gluggi með ljósmyndavörum 43 stk. í glugga. Verðmerkt 40 stk. Ómerkt 3 stk.“

Hinn 25. september 1991 gaf varnaraðili á ný skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna verðmerkingar í verslun Fókuss hf. Kveðst hún í skýrslu þessari ekki sjá, hvernig setja eigi skilti með verði við allar gleraugnaumgjörðir í versluninni. Slíku myndi fylgja gífurleg vinna. Sífellt sé verið að skipta um sýnishorn umgjörða. Í þessari skýrslu kemur fram, að varnaraðili hafi verið viðstödd í versluninni, þegar starfsmenn Verðlagsstofnunar gerðu þar fyrstu könnun verðmerkingar

Hinn 24. ágúst 1990 könnuðu tveir starfsmenn Verðlagsstofnunar verðmerkingu í verslun Týlis hf., Austurstræti 6, Reykjavík, en varnaraðili var einnig í fyrirsvari þeirrar verslunar. Sams konar eyðublað var notað fyrir athugasemdir og áður getur, og er strikað undir orðin „áfátt/mjög“. Fram kemur í vottorði starfsmanna Verðlagsstofnunar, að um var að ræða sýningarglugga verslunarinnar. Áritun á vottorðið ber með sér, að starfsmanni verslunarinnar hafi verið afhent samrit þess. Neðan við undirskriftir starfsmanna stofnunarinnar er skráð svofelld athugasemd 28. sama mánaðar: „Engin lagfæring sjáanleg.“ Undir athugasemd þessa eru rituð nöfn sömu starfsmanna.

Hinn 4. september 1990 sendi Verðlagsstofnun Týli hf. bréf með

athugasemd vegna umræddrar könnunar og viðvörun um kæru, ef eigi yrði úr bætt fyrir 7. sama mánaðar. Kæra var send Rannsóknarlögreglu ríkisins 18. sama mánaðar.

Hinn 11. október 1990 gaf varnaraðili skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessarar kæru. Greinir hún frá því, að við hverja könnun verðmerkingar í versluninni hafi eingöngu verið rætt við starfsfólk þar, en aldrei hafi verið rætt við sig.

Varnaraðili gaf skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 25. september 1991 vegna verðmerkingar í þessari verslun, þar sem hún greinir frá því, að reynt hafi verið að verða við tilmælum Verðlagsstofnunar, eftir því sem tími vannst til. Smám saman hafi afgreiðslumaður í versluninni verðmerkt allar vörur í sýningargluggum hennar. Hún tók og fram, að öllum rekstri verslunar Týlis hf. hafi verið hætt í bili, þegar hér var komið.

Meðal gagna málsins er bréf, er Verðlagsstofnun sendi Rannsóknarlögreglu ríkisins 20. september 1991. Í bréfi þessu er ýtarleg greinargerð um kannanir þær á verðmerkingu, sem að framan eru raktar, svo og upplýsingar um ýmis atriði, er þeim tengjast.

II.

Hvorki voru teknar skýrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins af þeim starfsmönnum Verðlagsstofnunar, sem hér áttu hlut að, né af öðrum starfsmönnum verslananna en ákærðu. Ekki voru heldur teknar ljósmyndir í verslununum. Þess er hins vegar að gæta, að eftir að lögreglurannsókn hafði farið fram, lágu fyrir fimm vottorð um sjö athuganir á verðmerkingu í verslununum, fjórar skýrslur ákærðu og önnur gögn. Af skýrslum ákærðu verður ráðið, að hún hafi látið þessum vottorðum ómótmælt, en talið verðmerkingu óframkvæmanlega eða óæskilega vegna hættu á þjófnaði. Þá kemur ekki annað fram í skýrslunum en ákærða sjálf hafi haft forsögn um það, hvornig merkingu var hagað. Ríkissaksóknari heimilaði á sínum tíma að ljúka máli þessu með sátt, en ákærða hafnaði því. Var ákæra þá gefin út. Dómsrannsókn hefur enn ekki farið fram. Að svo vöxnu máli eru ekki efni til að vísa ákærinni frá dómi. Ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Ákvörðun um greiðslu til verjanda ákærðu biður efnisdóms í málinu.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávisunardómur er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar að nýju.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. mars 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 31. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 154/1992: Ákærvaldið gegn Áslaugu Cassata, sem tekið var til úrlausnar 26. mars sl.

Málsatvik.

Ríkissaksóknari samþykkti með bréfi 22. nóvember sl. til sakadóms Reykjavíkur, að máli því, er hér er til meðferðar, yrði lokið með dómsátt. Ákærðu í máli þessu var boðið að ljúka málinu með dómsátt fyrir sakadómi Reykjavíkur 4. febrúar sl., en hún féllst ekki á að ljúka málinu þannig og kvaðst telja, að hún hefði ekki brotið gegn þeim lagaákvæðum, er ríkissaksóknari vísaði til í framangreindu bréfi sínu til sakadóms Reykjavíkur.

Hinn 13. febrúar sl. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur Áslaugu Cassata, Sóleyjargötu 29, hér í borg, fæddri 23. október 1926. Áslaug er ákærð „fyrir að hafa í ágúst og september 1990, nema annars sé getið, sem stjórnarformaður verslananna Týlis hf., Austurstræti 6, og Fókuss hf., Lækjargötu 6 B, báðum í Reykjavík, stillt upp eða látið stilla upp vörum til sýnis og sölu í verslununum án verðmerkinga eða án fullnægjandi verðmerkinga, svo sem hér er nánar rakið:

1) Í sýningarglugga og inni í versluninni Fókus hf. 21. og 27. ágúst og 4. september stillt upp vörum til sýnis og sölu með svo til engum verðmerkingum, þannig, að merkingum inni í versluninni var áfátt og í sýningarglugga hennar mjög áfátt, og 20. september 1991 stillt upp 49 óverðmerktum hlutum í glugga verslunarinnar, en alls voru þar til sýnis og sölu 99 hlutir.

2) Í sýningarglugga í versluninni Týli hf. 24. og 28. ágúst og 7. september stillt út vörum til sýnis og sölu með svo til engum verðmerkingum“.

Þessi ætlaða háttsemi er í ákæruskjali talin varða við „1. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 52. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56, 1978, sbr. tilkynningu Verðlagsstofnunar í Lögbirtinga blaðinu 10. september 1980“.

Málið var þingfest hér fyrir dómi 5. þ.m., og á dómþingi 20. þ.m. krafðist verjandi ákærðu þess, að ákæru í málinu yrði vísað frá sakadómi. Taldi verjandi frumrannsókn málsins vera svo ábótavant, að ekki væri unnt að

leggja efnisdóm á málið og að frumrannsóknin gæti ekki talist viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru. Þá var það fundið að rannsókninni, að enginn þeirra aðila, er unnið höfðu að rannsókn málsins f.h. Verðlagsstofnunar, hefði verið yfirheyrður. Þá var tekið fram, að engin nákvæm lýsing, sundurgreining eða ljósmyndir, er sýndu, í hverju ætluð brot væru talin falin, væru meðal gagna málsins. Verjandi taldi sakarefnin því algjörlega ótilgreind og verknaðarlýsing í ákæru fullnægði því ekki lagaskilyrðum. Loks nefndi verjandi ákærðu, að ákærða hefði aldrei verið yfirheyrð um það, hvort hún hefði stillt upp eða látið stilla upp vörum til sýnis, en ákærða sé ákærð fyrir að hafa stillt upp eða látið stilla upp munum til sýnis og sölu í þeim tveimur verslunum, er í ákæru greinir.

Ríkissaksóknari skilaði greinargerð vegna frávisunarkröfunnar og mót-mælti þar frávisunarkröfu verjandans og ítrekaði kröfu sína um, að málið yrði rannsakað og dæmt fyrir dóminum.

Niðurstöður.

Hinn 4. febrúar 1991 sendi ríkissaksóknari Rannsóknarlögreglu ríkisins bréf vegna rannsóknar máls þess, er leiddi til ákæru í máli þessu. Í bréfi ríkissaksóknara segir meðal annars svo: „Þess er óskað, að upplýst verði, í hverju brotin eru talin felast, en í kærunum segir, að verðmerkingum á söluvörum hafi verið áfátt/mjög áfátt, og verði kærða yfirheyrð í framhaldi af því.“ Hinn 20. september sl. ritaði lögfræðingur Verðlagsstofnunar Rannsóknarlögreglu ríkisins bréf sem svar við ósk ríkissaksóknara um, að upplýst yrði, „í hverju brotin eru talin felast“. Enginn starfsmanna Verðlagsstofnunar, er fóru í verslanir þær, er í ákæru greinir, var yfirheyrður, en lögfræðingur Verðlagsstofnunar virðist samkvæmt gögnum málsins aldrei hafa farið í verslanirnar. Á ljósrit bréfs Verðlagsstofnunar til Týlis hf. 4. september sl. er handskrifað: „7/9. Ekki í lagi.“ Undir þetta setur starfsmaður Verðlagsstofnunar, sem fór á staðinn, upphafsstafi sína, en yfirlögfræðingur stofnunarinnar skrifar undir fyrir annan starfsmann, „. . . þar sem hann var kominn í sumarfrí“, eins og segir í bréfi yfirlögfræðingsins, dagsettu 18. september 1990, til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Dómurinn telur, að nauðsynlegt hafi verið fyrir lögregluna að yfirheyra þá aðila, er fóru í verslanirnar, og að ekki hafi verið upplýst, í hverju ætluð brot voru falin, svo sem ríkissaksóknari bað um. Hvorki ákærða né starfsfólk verslananna, er í ákæru greinir, hefur verið spurt um það, hver stillti upp vörum til sýnis og hver gaf fyrirmæli þar um, og starfsfólk verslananna, sem tók á móti starfsmönnum Verðlagsstofnunar, hefur ekki verið yfirheyrt um það, hverju var ábótavant í verslununum. Þessir annmarkar leiða að mati dómsins til þess, að ekki hafi verið viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga 74, 1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107, 1976.

Þeir annmarkar á rannsókninni, sem getið er um að framan, endurspeglast í ákærinni, þar sem talað er um svo til enga verðmerkingu, verðmerkingu hafi verið áfátt eða mjög áfátt eða munir óverðmerktir. Þessi lýsing í ákæru fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. 115. gr. laga 74, 1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107, 1976.

Með vísan til ofanritaðs ber því að vísa ákæru í máli þessu frá dómi.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. 25.000 kr. í málsvarnarlaun til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákæru í máli þessu er vísað frá sakadómi Reykjavíkur.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. 25.000 kr. í málsvarnarlaun til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.
